

8. febrúar 2023
2302164

Fyrirspurn Samfylkingar varðandi rammasamning um húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032:

Hvenær hófust þessar viðræður við ráðuneytið og Mannvirkjastofnun og hverjir hafa tekið þátt í þeim? Hversu margir fundir hafa verið haldnir um málið og hvenær fóru þeir fram? Hver eru samningsmarkmið Hafnarfjarðarbæjar í þessum viðræðum? Er þar miðað við að 5% íbúa verði félagslegar íbúðir í eigu bæjarins og að 30% íbúða verði reistar með óhagnaðardröfin sjónarmið að leiðarljósi með stofnframlögum frá ríki og bæ? Hvers vegna voru kjörnir fulltrúar ekki upplýstir um þessar viðræður? Óskað er eftir skriflegum svörum við þessum spurningum og einnig að lögð verði fram nauðsynleg fyrirliggjandi vinnugögn í málinu.

Svar við fyrirspurn:

Rammasamningur um húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032, þar sem ríki og sveitarfélög sameinast um stefnu og aðgerðir til að tryggja uppbyggingu íbúða í samræmi við þörf, er á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og hins vegar innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) fyrir hönd íslenska ríkisins. Af hálfu ríkisins hefur HMS annast viðræður við sveitarfélögin samkvæmt samningnum.

Haldnir hafa verið tveir fundir með HSM varðandi rammasamninginn, 21. september 2022 og 31. janúar 2023. Á fundunum hafa verið af hálfu Hafnarfjarðarbæjar Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri, Sigurður Nordal sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og Sigurður Haraldsson sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs og af hálfu HMS hafa setið fundina Hermann Jónasson forstjóri og Elmar Erlendsson teymisstjóri húsnæðisáætlana.

Í 4. gr. rammasamnings kemur fram að á grundvelli rammasamningsins verði samið við einstök sveitarfélög um uppbyggingu íbúða samkvæmt þarfagreiningu í húsnæðisáætlun og skulu þeir samningar taka mið af markmiðum sem skilgreind eru í rammasamningnum. Meðal samningsmarkmiða í 3. gr. er m.a. tiltekið að hlutfall hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði verði að jafnaði um 30% nýrra íbúða og að félagslegt húsnæðisúrræði verði að jafnaði sem næst 5% af nýju húsnæði.

Verið er að uppfæra húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar um þessar mundir en skila á henni til HMS fyrir 1. mars næstkomandi. Húsnæðisáætlunin er grundvöllur samkomulags við ríkið með hliðsjón af markmiðum rammasamnings eins og fyrr segir. Húsnæðisáætlun verður væntanlega lögð fyrir bæjarráð 23. febrúar nk. og á þeim grundvelli verða útfærð drög að samkomulagi við ríkið sem lögð verða fyrir bæjarráð til umfjöllunar og afgreiðslu.

Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs